

MOSEY ehf.
Cuxhavengata 1
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 28. nóvember 2023
UST202209-239/H.I.I.
07.06.02

Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 og 4 - Málslok

Vísað er til bréfs stofnunarinnar dags. 9. nóvember 2023 um niðurstöðu eftirlits þar sem gerðar eru kröfur um úrbætur á sæfivörum á markaði sem fyrirtækið Mosey ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins og merktar með uppfærðum merkimiða sem hefur verið staðfestur af stofnuninni.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með sæfivörum sem féllu undir umfang verkefnisins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Mosey ehf. setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 19.000.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið hafdis.i.ingvarsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Helga Ösp Jónsdóttir
sérfræðingur